

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1520  
komudagur 7.4.2010

Selfossi 31. mars 2010

Efnahags- og skattanefnd  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Hér á eftir er umsögn um þingmál frá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. að beiðni Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna:

**Frumvarps til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004, með síðari breytingum á 138. löggjafarþingi 2009-2010, 333. mál.**


Það er skoðun okkar hjá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. að jafnræðis sé ekki gætt með því að lögleiða endurgreiðslu 50% olúgjalds af olíu sem flutningsaðilar sem uppfylla skilyrði skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga kaupa til flutnings.

Í dag njóta Almenningsamgöngur 85% endurgreiðslu af olúgjaldi skv. lögum nr. 87/2004 sem er í líkingu við það sem þetta frumvarp fjallar um. Óneitanlega skekkja þessar ívilnanir umtalsvert stöðu fólksflutninga.

Ólíkt farmflutningum eru fólksflutningar undanþegnir virðisaukaskatti sem þýðir að fyrirtæki sem starfa í þessari grein geta ekki nýtt sér innskatt af keyptum aðföngum líkt og fyrirtæki sem stunda farmflutninga og því safnast upp mikill virðisaukaskattur.

Við hjá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. sjáum fyrir okkur að sú endurgreiðsla sem fjallað er um í frumvarpi þessu nái einnig til þeirra sem stunda fólksflutninga í atvinnuskyni líkt og fjallað er um í e-, f- og g-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Virðingarfyllst f.h. Guðmundar Tyrfingssonar ehf.

  
Sigríður Benediktsdóttir